

Nd.

468. Nefndarállt

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin telur mikla nauðsyn á að setja lög um loftferðir, því gera má ráð fyrir, að flogið verði á Íslandi og yfir Ísland framvegis. Á þessu sumri hafa ekki færri en fjórir erlendir menn tilkynt væntanlega komu sína, á leið milli Evrópu og Ameríku, og má af þessu ráða, að nauðsynlegt sje þegar á þessu þingi að setja svipuð lög og flestar Evrópuþjóðir hafa þegar komið á hjá sjer.

Nefndin telur rjettara að fyrirbyggja alveg, sjerstaklega með tilliti til erlendra flugmanna, er hingað kunna að koma, einkum ef ófrið bæri að höndum, að flytja megi sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki í loftförum, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Loftförum er ekki heimilt að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

2. Við 31. gr. Í síðustu málsgrein falli burt orðin »og sje hann miðaður við lífskjör hins dána«.

Alþingi, 29. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form. og frsm.

Hannes Jónsson,
fundaskr.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Jón A. Jónsson.

Hákon J. Kristófersson.